

Skipulags- og umhverfisnefnd, fundur nr. 33

Dags. 14.6.2012

Skipulags- og umhverfisnefnd - 14.06.2012

33. fundur.

14. júní 2012 kl 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

Fundarmenn:

Ásvaldur Ævar Þormóðsson, form.

Þórunn Jónsdóttir

Hörður Þór Benónýsson

Friðgeir Sigtryggsson

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Starfsmenn:

Bjarni Reykjálín, skipulagsfulltrúi

1. Einarstaðir, Reykjadal. Breyting á deiliskipulagi.

S20120401

Tekið fyrir að nýju erindi dags 10. apríl 2012 frá Guðmundi H. Gunnarssyni f.h. Einishúsa ehf. kt. 650907-1400 þar sem óskað er eftir breytingu á gildandi deiliskipulagi. Breytingarnar felast í því að stærð frístundahúsa stækki úr 25-45 m² í 25-50 m² og þakform sem skilgreint var sem mænisþak verði gefið frjálst. Meðfylgjandi eru uppdrættir frá Búgarði (G.H.G.) Erindið var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, en engar athugasemdir bárust.

Skipulags- og umhverfisnefnd felur skipulagsfulltrúa að senda erindið til Skipulagsstofnunar skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem engar athugasemdir bárust við grenndarkynningunni.

2. Búvellir, Aðaldal. Fjánhús

S20120601

Erindi dags 11. júní 2012 frá Sveinbirni Þór Sigurðssyni kt. 040255-4279, Búvöllum Þingeyjarsveit þar sem hann óskar umsagnar skipulags- og umhverfisnefndar um byggingu á 250 m² stálgrindarhúsi fyrir fjánhús austan við og í tengslum við núverandi gripahús. Meðfylgjandi er afstöðumynd sem sýnir fyrirhugaða byggingu.

Skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að erindið verði samþykkt og fallið verði frá grenndarkynningu þar sem hin leyfisskilda framkvæmd varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda, sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

3. Hallgilsstaðir, Fnjóskadal. Fjánhús

S20120602

Ódagsett erindi frá Katli I. Tryggvasyni f.h. Tryggva Stefánssonar kt. 301236-3609, Hallgilsstöðum þar sem hann óskar umsagnar skipulags- og umhverfisnefndar um niðurrif á núverandi fjárhúsi og nýbyggingu á grunni þess gamla. Fyrirhuguð nýbygging er stærri en sú sem fyrir er. Meðfylgjandi er afstöðumynd sem sýnir núverandi og fyrirhugaða byggingu. Hlynur vék af fundi við afgreiðslu á þessum lið.

Skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að erindið verði samþykkt og fallið frá grenndarkynningu þar sem hin leyfisskilda framkvæmd varðar ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda, sbr. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr 123/2010.

4. Skipulagsfulltrúi. Heimild til fullnaðarafgreiðslu erinda.

S20120603

Skipulagsfulltrúi óskar eftir heimild sveitarstjórnar til að fullnaðarafgreiða deiliskipulagsáætlanir og framkvæmdaleyfi skv. 2. mgr. 6. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 í þeim tilfellum sem framkvæmdaleyfi samrýmast gildandi deiliskipulagi og engar athugasemdir berast við grenndarkynningum, auglýstu deiliskipulagi og breytingum á deiliskipulagi.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að skipulagsfulltrúa verði veitt þessi heimild þar sem hún muni leiða til fljótari afgreiðslu mála.

5. Stekkjarhóll, Reykjadal. Stofnun lóðar.

S20120504

Erindi dags 15. maí 2012 frá Guðmundi Gunnarssyni f.h. Hallfríðar Jónasdóttur kt. 241046-3549 þar sem sótt er um afmökun og stofnun lóðar úr landi Stekkjarhóls í Reykjadal. Meðfylgjandi er samþykki annarra landeigenda og afstöðumynd frá Búgarði (GHG) með afmörkun lóðar fyrir frístundahús, ásamt afstöðu- og yfirlitsmynd vegna byggingar frístundahúss á lóðinni.

Skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að erindið verði samþykkt og byggingarfulltrúa verði falið að stofna lóðina.

6. Norðausturvegur um Skjálfandafljót.

S20120604

Skipulagsfulltrúi leggur fram hugmyndir Vegagerðarinnar að veglínunum yfir Skjálfandafljót.

Skipulags og umhverfisnefnd felur skipulagsfulltrúa að fá nánari upplýsingar frá Vegagerðinni samkvæmt umræðum á fundinum.

7. Fjósatunga, Fnjóskadal. Deiliskipulag frístundabyggðar

S20120605.

Erindi dags 12. júní 2012 frá Guðmundi H. Gunnarssyni Búgarði f.h. Svönu Óskar Rúnarsdóttur, kt. 110883-4989 Fjósatungu, 601 Akureyri þar sem óskað er eftir heimild sveitarstjórnar að láta vinna deiliskipulag frístundasvæðis í landi Fjósatungu skv. aðalskipulagi Þingeyjarsveitar 2012-2022. Meðfylgjandi er skýringaruppráttur og drög að skipulagslýsingu.

Skipulags- og umhverfisnefnd beinir þeim tilmælum til sveitarstjórnar að erindið verði samþykkt með vísan til 2. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin mun síðar taka skipulagslýsinguna til afgreiðslu þegar hún verður fullgerð.

8. Þeistareykir. Umsókn um framkvæmdaleyfi

S20120501

Erindi frá Árna Gunnarssyni verkefnisstjóra, f.h. Þeistareykjavirkjunar ehf þar sem hann með vísan til 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2012 óskar eftir því að sveitarstjórn Þingeyjarsveitar veiti framkvæmdaleyfi fyrir slóðargerð, greftri á borvatnsveitu, frárennslislögnum, fjarskiptalögnum og rafstrengjum á Þeistareykjum, skv. gildandi deiliskipulagi

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að framkvæmdaleyfisumsóknin verði samþykkt þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Fundi slitið